

A 1757/kultur

Flytjandi	Norræna þekkingar- og menningarnefndin
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndartillaga um greinargerð varðandi menningarstefnu

Tillaga

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún leggi fram greinargerð varðandi menningarstefnu, til að mynda á þemaþingi Norðurlandaráðs 2019

Bakgrunnur

Segja má að norrænt menningarsamstarf hvíli á þremur stöðum: Þær eru Norræna ráðherranefndin um menningarmál (MR-K), Norðurlandaráð og Norræni menningarsjóðurinn. Hver og ein hefur sínu hlutverki að gegna í samstarfinu og samráð þeirra á milli er forsenda þess að samstarfið haldi áfram að þróast og dafna. Samráð er tryggt með árlegum fundum ráðsins og ráðherranefndarinnar í tengslum við þing Norðurlandaráðs, með því að ráðherranefndin og ráðið tilnefna fulltrúa í stjórn Norræna menningarsjóðsins og með því að skrifstofurnar funda reglulega.

Í Stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar í menningarsamstarfi 2013–2020 skrifa menningarmálaráðherrar landanna að „Norðurlönd eigi áfram að vera í fararbroddi sem skapandi og opið lista- og menningarsvæði“. Til þess að ná því almenna markmiði tiltekur ráðherranefndin fimm málaflokka í stefnunni sem eru í forgangi í norrænu menningarsamstarfi.

Núverandi stefna rennur út í árslok 2020. Nefndin telur að greinargerð vegna menningarstefnu geti markað upphaf að eiginlegu samráði milli norrænu menningarráðherranna og þekkingar- og menningarnefndarinnar um framtíðaráætlun norrænnar menningarstefnu. Nefndin óskar í því sambandi eftir greinargerð þar sem greint er frá núverandi stöðu í norrænu menningarsamstarfi.



Menningarnefnd Norðurlandaráðs sem þá var tók þátt í mótun stefnunnar. Eftir því sem þekkingar- og menningarnefndin kemst næst hefur sú stefna komið vel út fyrir stofnanir, samstarfsstofnanir, áætlanir og verkefni norrænu menningarráðherranna. Hún hefur vísað veginn og gefið upp forgangsöröðun en jafnframt verið nægilega opin til þess að gefa kost á athafnafrelsi. Armslengdarreglan sem felur í sér að stjórnmalafólk leggi rammann en skipti sér ekki af listrænu innihaldi hans hefur ávallt verið í hávegum höfð í norrænu menningarsamstarfi. Norðurlandaráð telur að sú regla skuli höfð að leiðarljósi við mótun nýrrar stefnu.

Nefndin hefur tekið saman nokkur atriði sem óskað er eftir að greinargerðin veiti svör við:

Þverlægt sjónarhorn milli geira

Núgildandi stefna í norrænu menningarsamstarfi nær yfir marga málaflokka. Það er góð leið til að sýna að menning og listir gegna mikilvægu hlutverki þegar brugðist er við viðfangsefnum sem samfélögin standa frammi fyrir. Það á við um hlutverk menningarinnar á norrænum vettvangi, t.a.m. gagnvart menntun, heilsu, jafnrétti, aðlögunarmálum, atvinnulífi og sjálfbærri þróun. Nefndin óskar eftir greinargerð um hvernig þverlægt samstarf milli geira hefur þróast á þeim árum sem núverandi stefna hefur verið í gildi.

Alþjóðlegt sjónarhorn

Norðurlönd í heiminum og heimurinn á Norðurlöndum er miðlægt hugtak í norrænu samstarfi. Menningarráðherrar Norðurlanda hafa innan ramma umræddrar stefnu staðið fyrir tveimur stórum menningarkynningum, í Washington D.C. árið 2013 og í Lundúnum 2017. Kynningarnar vöktu mikla athygli og bíður nefndin fagnandi eftir matsskýrslu um Nordic Matters og ákvörðun ráðherranefndarinnar um menningarmál (MR-K) um hvort haldið verði áfram að kynna norræna menningu utan landsteinanna. Alþjóðlega sjónarhornið er enn víðtækara. Hvernig hefur samstarf við Eystrasaltsríkin gengið? Hvaða vandi hefur komið upp í samstarfinu við Norðvestur-Rússland eftir að upplýsingaskrifstofunum var lokað þar í landi? Alþjóðlegt samstarf nær einnig til alþjóðlegra menningaráhrifa á Norðurlöndum. Hvernig hefur Heimurinn á Norðurlöndum verið settur í forgang? Hvernig bregðast menningarráðherrarnir við því sem gerist á vettvangi ESB?



Samspil þess norræna, landsbundna, svæðisbundna og staðbundna

Eins og fram kemur í stefnunni byggist norrænt menningarsamstarf á reglunni um norrænt notagildi, það er að samstarfið nái til sviða þar sem löndin hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta og glíma við svipuð viðfangsefni. Þar kemur einnig fram að efla skuli samstarf milli landsbundinna menningaryfirvalda og norræns menningarsamstarfs. Samspil ólíkra stiga er mikilvægt og verður jafnframt til umfjöllunar á norrænum leiðtogafundi um menningarmál sem haldinn verður í Málmey í maí 2018. Nefndin býður fagnandi eftir greinargerðinni og vitneskju um hugsanleg norræn verkefni í framhaldi af leiðtogafundinum í þeim tilgangi að efla og þróa samspil ólíkra stiga.

Samráð við landsbundna fulltrúa menningarlífsins

Þekkingar- og menningarnefndin telur nauðsynlegt að eiga samráð við landsbundna fulltrúa menningarlífsins eigi norrænt menningarsamstarf að höfða til þeirra sem eiga að standa að framkvæmd þess. Með samráði við viðeigandi aðila getur ráðherra-nefndin fangað strauma og þarfir menningarlífsins. Þá fyrst getur sú sveigjanlega uppbygging menningarsamstarfsins nýst, sem stefnt var að þegar skipulagsbreytingar á norrænu menningarsamstarfi voru gerðar árið 2007. Nefndin bendir jafnframt á þau sjónarmið sem komu fram í nefndaráliti þáverandi menningarmálanefndar á árinu 2012 um ráðherranefndartillögu um nýja stefnu á þeim tíma. Nefndin taldi afar mikilvægt að stefnan nyti stuðnings landsbundinna fulltrúa menningarlífsins, einnig landsbundinna menningarráða/menningaryfirvalda, til þess að greiða fyrir samlegðaráhrifum og norrænu notagildi. Nefndin óskar því eftir því að fá greinargerð um hvernig samráði ráðherranna við menningarlífið er háttað og hvernig stefnan hefur notið stuðnings landsbundinna fulltrúa menningarlífsins, einnig landsbundinna menningarráða/menningaryfirvalda.

Málefni fjölmiðla

Málefni fjölmiðla eru ofarlega á dagskrá Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherra-nefndarinnar hvað varðar tjáningarfrelsi, prentfrelsi, stafræna væðingu menningarsins og aukið aðgengi. Aukið aðgengi að norrænu sjónvarpsefni í ljósi höfundaréttar, aðferðir til að bregðast við rangfærslum og falsfréttum, þörfin á auknu fjölmiðla- og upplýsingalæsi ásamt þeirri ógn sem steðjar að fréttafólki eru málefni sem hafa verið til umfjöllunar meðal ráðherra og þingmanna en einnig á ýmsum sérfræðingafundum.

Viðfangsefnin eru stór hvað þessi málefni varðar. Nefndin óskar eftir því að menningarráðherrar Norðurlanda greini frá verkefnum sem ráðist hefur verið í til að fylgjast með og verja tjáningar- og prentfrelsi, auka aðgengi að norrænu sjónvarpsefni, mæta þörfinni á auknu fjölmiðla- og upplýsingalæsi og bregðast við straumi rangfærslu og falsfrétta.



Norræna tungumálasamstarfið

Menningar- og menntamálaráðherrar Norðurlanda hafa sameiginlega umsjón með norrænu tungumálasamstarfi. Nefndin óskar eftir því að vita hvert hlutverk menningarráðherranna er í tungumálasamstarfinu og hvernig verkaskiptingin er milli þeirra og menntamálaráðherranna.

Menningarráðherrarnir kynntu svonefnda Volt-áætlun til sögunnar árið 2017 en markmiðið með henni er að ná til barna og ungmenna sem vilja hefja norræn samstarfsverkefni um að auka og miðla þekkingu á list, menningu og tungumálum frændþjóðanna. Nefndin óskar eftir því að fá greinargerð um árangur Volt.

Norrænu húsin og stofnanirnar

Norrænu húsin og stofnanirnar voru metin á árinu 2012. Niðurstaðan var jákvæð og þau talin miðlæg í norrænu menningarsamstarfi. Norrænu húsin í Reykjavík og Færeyjum, norrænu stofnanirnar á Álandseyjum og Grænlandi ásamt Norrænu menningargáttinni í Helsinki hafa mikið norrænt notagildi og miðla vandaðri menningu og listum til gestgjafalandsins og víðar um Norðurlönd. Nefndin óskar eftir því að menningarráðherrarnir lýsi í greinargerðinni stefnumótandi mikilvægi umræddra húsa og stofnana fyrir menningarsamstarf á Norðurlöndum og greini jafnframt frá stöðu menningar- og listaáætlunarinnar og norrænu-baltnesku ferðastyrkjaáætlunarinnar á menningarsviði.

Sjónarhorn menningarstefnunnar

Kulturanalys Norden (Norræn menningargreining) tekur saman tölfræði og aðra þekkingu sem skiptir máli fyrir norræna menningarstefnu. Menningarráðherrar Norðurlanda áttu frumkvæði að því að setja Kulturanalys Norden á laggirnar og Norræna ráðherranefndin fjármagnar hana. Hýsistofnun hennar er Myndigheten för kulturanalys í Svíþjóð. Verkefni Kulturanalys Norden eru þrenns konar; tölfræði og menningarvenjur, úttektir og menningargreining auk þess að fylgjast með því sem er að gerast í umheiminum. Nefndin styður þá ákvörðun að veita fé til greiningar á norrænni menningarstefnu. Enda er það traust þekking sem er grundvöllur norrænnar menningarstefnu. Nefndin óskar eftir greinargerð um þau verkefni sem Kulturanalys Norden hefur unnið frá upphafi og hvernig menningarráðherrarnir hafa nýtt sér þá þekkingu sem hún hefur látið í té.

Bakgrunnur

Pemu og markmið nógildandi stefnu í norrænu menningarsamstarfi 2013–2020:

- Sjálfbær Norðurlönd – norrænt menningarlíf auki sjálfbærni í samfélögum Norðurlanda með því að vera opið og virkja til þátttöku;
- Skapandi Norðurlönd – Norðurlönd skari fram úr sem lifandi, öflugt og skapandi menningarsvæði;
- Þvermenningarleg Norðurlönd – allir íbúar kunni vel við sig á Norðurlöndum og finnist þeir vera hluti af menningu landanna;
- Ung Norðurlönd – börn og ungmenni á Norðurlöndum skapi, njóti og hafi áhrif á listir og menningu;
- Stafræn Norðurlönd – norræn menning nýti sér stafræna tækni til fullnustu.



Stefnan er stjórnþæki fyrir stofnanir og samstarfsstofnanir og setur mark sitt á stefnumótandi starfsumboð, markmið og fjárveitingarbréf stofnana, texta fjárhagsáætlunar, stefnumótandi aðgerðir, formennskuáætlanir, samstarf við landsbundin menningaryfirvöld og þann menningarvettvang þar sem fulltrúar stofnana, samstarfsstofnana og áætlana koma saman og ræða tækifæri og áskoranir við framkvæmd stefnunnar á stefnumótunarstigi.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna þekkingar- og menningarnefndin styður tillöguna um að beina þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún leggi fram greinargerð vegna menningarstefnu, til að mynda á þemaþingi Norðurlandaráðs 2019.

Akureyri, 10. apríl 2018

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mífl)

Annette Lind (S)

Aron Emilsson (SD)

Brigitte Klinskov Jerkel (KF)

Eva Sonidsson (S)

Johanna Karimäki (gröna)

Jorodd Asphjell (A)

Lars-Arne Staxäng (M)

Logi Einarsson (Sf)

Marianne Synnes (H)

Norunn Tveiten Benestad (H)

Paavo Arhinmäki (vänst)

Peter Johnsson (S)

Peter Östman (kd)

Thorhild Bransdal (KrF)